

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Þriðjudaginn 13. maí 2008 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór G. Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Erla Jónsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Auk þess mætti undir 2. dagskrárlíð Davíð Búi Halldórsson, endurskoðandi PwC.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Samstarf sveitarfélaga í A-Hún

Fyrir fundinum lá skilabréf og tillögur starfshóps sveitarfélaga í Austur – Húnavatnssýslu sem var falið það hlutverk að stilla upp samþykktum fyrir sérstök byggðasamlög um þau verkefni sem unnin verði á samstarfsgrunni ef samþykkt verður að héraðsnefnd A-Hún verði lögð niður.

Tillögurnar gera ráð fyrir að stofnuð verði þrjú byggðasamlög sem hafi það hlutverk að taka yfir verkefni sem héraðsnefnd og félagsþjónusta hafa haft með höndum og ekki verða flutt til hvers sveitarfélags fyrir sig. Einnig er gert ráð fyrir að stofnaðar verði tvær sameiginlegar nefndir. Með skilabréfi nefndarinnar fylgdi tillaga um hvernig samstarfsverkefnum verði háttað og jafnframt eftirfarandi tillögur að samstarfsverkefnum:

- Byggðasamlag um tónlistarskóla.
- Byggðasamlag um menningar- og atvinnumál.
- Byggðasamlag um félags- og skólaþjónustu.
- Samningi um búfjárefirlits- og fjallskilanevnd.
- Samningi um gróður- og náttúruverndarnefnd.

Auk þessa lágu fyrir fundinum minnisblöð um fundi samstarfsnefndarinnar.

Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi tillögur og fór yfir þau verkefni sem þar er stillt upp.

Ábendingar komu fram um nokkur atriði sem ástæða væri til að fara betur yfir.

Framangreindar tillögur voru samþykktar með fyrirvara um að þær ábendingar sem fram komu verði teknar til umfjöllunar.

2. Ársreikningur 2007.

Fyrir fundinum lágu drög að ársreikningi sveitarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins fyrir árið 2007 sem Davíð Búi Halldórsson, endurskoðandi skýrði. Hann lagði auk ársreikningsins fram samanburð á rauntölum og fjárhagsáætlunum ársins, bæði upphaflegri áætlun og endurskoðaðri áætlun.

Sveitarstjórn ræddi ársreikninginn og fór yfir bæði einstaka liði og heildarsamantektir og samþykkti að vísa ársreikningi til annarrar umræðu.

3. Bréf:

- a) Óbyggðanefndar, dags. 23. apríl 2008.
Í bréfinu er greint frá skiptingu umfjöllunarsvæðis 7 í syðri og nyrðri hluta. Þar sem umfjöllunarsvæðið sem kynnt er í bréfinu nær ekki að landi sveitarfélagsins leit sveitarstjórn svo á að ekki væri efni til ályktunar eða annarra viðbragða á þessu stigi.
- b) Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, dags. 16. apríl 2008.
Með bréfinu veitir ráðuneytið sveitarstjórn frest til 30. apríl til að sækja um byggðakvóta fyrir hönd byggðarlagsins. Meðfylgjandi bréfinu var bréf sveitarstjóra fh. sveitarstjórnar þar sem sótt er um byggðakvóta. Bréfin voru til kynningar.
- c) Stéttarfélagsins Samstöðu, dags. 28. apríl 2008.
Með bréfinu er kynnt ályktun aðalfundar stéttarfélagsins 22. apríl 2008 þar sem hvatt er til að hagsmunir héraðsins verði varðir verði af sameiningu heilbrigðisstofnana á Blönduósi og Sauðárkróki. Sveitarstjórn samþykkti að taka undir ályktun aðalfundar stéttarfélagsins.
- d) Knattspyrnudeild Hvatar, 25. apríl 2008.
Með bréfinu er farið fram á stuðning við deildina. Samþykkt að veita 30 þús. styrk til knattspyrnudeildarinnar í viðurkenningarskyni fyrir árangur meistarflokks karla sumarið 2007.
- e) Iceland Photo Agency –IPA, dags. 11. apríl 2008.
Með bréfinu er boðin þjónusta við að ljósmynda Skagaströnd gegn ákveðinni þóknun. Ekki var áhugi á þessu stigi til að fara í verkefnið.
- f) Félags- og tryggingamálaráðuneytis, dags. 11. apríl 2008.
Ráðuneytið minnr á dag barnsins sem haldinn verður 25. maí og hvetur til að sveitarfélög styðji við framtakið. Samþykkt að vísa erindinu til æskulýðs- og menningarmálanefndar.
- g) Félags- og tryggingamálaráðuneytis, dags. 2. maí 2008.
Erindi bréfsins er að kynna nýja reglugerð um húsaleigubætur þar sem húsaleigubætur eru hækkaðar. Sveitarstjóri fór yfir áhrif hækkingarinnar á greiddar húsaleigubætur í sveitarfélaginu. Bréfið var til kynningar.

4. Fundargerðir

- a) Tómsunda- og menningarmálanefndar, 15. apríl 2008.
Fundargerðin var samþykkt.
- b) Stjórnar Sambands ísl. sv.fél. 25. apríl 2008.
Fundargerðin var til kynningar.

5. Önnur mál

Ekki voru tekin fyrir mál undir dagskrárliðnum.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 11³⁵

Adolf H. Berndsen
(sign)

Sigríður Gestsdóttir
(sign)

Halldór Ólafsson
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)

Erla Jónsdóttir
(sign)

Magnús B. Jónsson
(sign)